



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ **Heimilisfræði – 3. bekkur**

Nemendur fá fjögur skipti í heimilisfræðikennslu á ári sem gera 8 kennslustundir.

Stuðst er við kennslubókina Heimilisfræði 3 og unnar nokkrar uppskriftir úr henni.

Nemendur fá að kynna ger- og kökubakstri og læra hvernig og hvaða áhöld á að nota við baksturinn.

Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda og því tölum við m.a. um muninn á hollum og óhollum mat og mikilvægi hreinlætis.

Matsviðmið

Matur og lífshættir

Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Matur og vinnubrögð

Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.
Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Matur og umhverfi

Skilið einfaldar umbúðamerkingar.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru

Námsmat

Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum og þau verkefni sem nemendur hafa unnið við. Námsmat er sýnilegt á mentor í lok hvernar lotu.